

Föstudaginn 25. maí 1962.

Nr. 33/1961. **Eggert Teitsson** (Gunnar Þorsteinsson hrl.)  
 gegn  
**Guðmundi Jósefssyni**  
 (Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um veiðiréttindi.

### Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, settur sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn hér fyrir dómi, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Eins og greinir í héraðsdómi, hefur áfrýjandi ekki látið þinglýsa kaupsamningi sínum um Þorkelshól, dags. 26. maí 1934. Hefur áfrýjandi ekki í máli þessu gegn andmælum stefnda leitt sönnur að því, að stefnda hafi verið eða mátt vera kunnugt um það ákvæði kaupsamningsins, sem laut að veiðiréttindum í Viðidalsá, er hann fékk afsal fyrir Nýpukoti hinn 24. október 1940. Ber þegar af þessari ástæðu að staðfesta niðurstöðu héraðsdómsins.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 6000.00, og renni þar af kr. 5000.00 til skipaðs málflytjanda stefnda hér fyrir dómi.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Eggert Teitsson, greiði stefnda, Guðmundi

Jósefssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00, og renni þar af kr. 5000.00 til skipaðs málflytjanda stefnda fyrir Hæstarétti, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmans.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur aukadómpings Húnavatnssýslu 13. september 1960.**

Mál þetta, sem er þingfest 8. janúar þ. á., og tekið til dóms 7. þ. m., er höfðað með stefnu, útgefinni 5. nóvember 1959, af Guðmundi Jósefssyni bónda, Nýpukoti í Þorkelshólshreppi, gegn Eggerti Teitssyni bónda, Þorkelshóli, til viðurkenningar með dómi á eignarrétti hans á allri veiði í Víðidalsá fyrir landi jarðarinnar Nýpukots samkvæmt gildandi landamerkjum, en landamerki milli jarðanna Þorkelshóls og Nýpukots eru ágreiningslaus. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi Eggert Teitsson, krefst sýknunar í málinu og málskostnaðar að mati dómsins.

Tildrög málsins eru þessi:

Með kaupsamningi, dags. 26. maí 1934, skuldbinda eigendur Þorkelshóls, þeir Þórður Guðmundsson, bóndi þar, og Bjarni Bjarnhéðinsson, Reykjavík, sig til þess að selja Eggerti Teitssyni, þá bónda á Stórhóli í sama hreppi, jörðina Þorkelshól fyrir tiltekið verð, kr. 10.200.00. Um veiði fyrir jörðinni segir svo í kaupsamningnum:

„Að því er veiðirétt snertir, fylgir kaupinu 72% af þeim hlut í arðskrá „Veiði- og fiskiræktarfélagssins Víðidalsá“, sem á hverjum tíma kemur í hlut Þorkelshóls og Nýpukots til samans, en sé veiði ófélagsbundin, fylgir veiðiréttur fyrir því landi, sem Þorkelshóli tilheyrir, en Nýpukot hefur þá veiðirétt fyrir sínu landi.“

Kaupsamningurinn var ekki þinglesinn, en afsal var gefið fyrir jörðinni 25. febrúar 1936. Upp í það afsal eru tekin greiðsluákvæði kaupsamningsins, en ekki minnzt á veiðina. Þar segir svo: „Jörðin er seld . . . . . ásamt meðfylgjandi húsum og mannvirkjum, allt í því ástandi, sem jörðin er í og fyrirfinnst, og án alls álags samkvæmt áður gerðum kaupsamningi.“

Með afsali, dags. 24. október 1940, selja svo erfingjar Þórðar

Guðmundssonar stefnanda í máli þessu, Guðmundi Jósefssyni, jörðina Nýpukot, fyrir kr. 3.400.00, en áður hafði stefnandi búið sem leiguliði Þórðar á jörðinni. Í því afsali er ekkert minnzt á veiðirétt, en jörðin seld „með jarðarhúsum og öllum mannvirkjum, gögnum öllum og gæðum og öllu, er jörðinni fylgir og fylgja ber, að engu undanskildu.“

Þegar „Veiði- og fiskiræktarfélagið Víðidalssá“ er stofnað, nokkru áður en sala Þorkelshóls fór fram, var Þórður Guðmundsson eigandi Nýpukots og hálf Þorkelshóls, en ábúandi alls Þorkelshóls og hefur því látið meta eða samþykkt að metin væri til arðskrár veiði fyrir báðum jörðunum sameiginlega. Þegar svo til sölu Þorkelshóls kemur, verður að skipta veiðinni milli jarðanna. Í stað þess að láta fara fram formleg skipti ákveður hann skiptin sjálfur sem eigandi og umráðamaður jarðanna. Samkvæmt jarðamatsbókinni frá 1932, sem vísað var til í munnlegum málflutningi umboðsmanna aðilja, eru báðar jarðirnar seldar við fasteignamatsverði, en söluverð Nýpukots er 25% af samantölgu verði beggja jarðanna. Í hinum óþinglesna kaupsamningi, er hlutur Nýpukots þó ákveðinn nokkru hærri, en augljóst virðist, að dýrleiki jarðanna hafi verið hafður til hliðsjónar við skipti veiðiteknanna á milli jarðanna. Samkvæmt nefndri jarðamatsbók er þess getið um Nýpukot, að jörðinni fylgi lax- og silungsveiði. Og samkvæmt fasteignaregistri Húnavatnssýslu, sem einnig var vísað til í munnlegum flutningi málsins, sést, að jörðin Nýpukot hefur fjórum sinnum verið seld sem sjálfstæð jörð á tímabilinu 1832 til 1897, en þá kaupir hana faðir Þórðar Guðmundssonar í tvennu lagi, og gekk hún svo að erfðum til Þórðar.

Þegar litið er á það, að Nýpukot hefur a.m.k. í heila öld verið sérskilin jörð, er augljóst, að henni á að fylgja veiðiréttur, sbr. lög nr. 61/1932, 2. gr., 4. mgr. Henni er og afsalað til stefnanda með öllum gögnum og gæðum að engu undanskildu. Í sömu átt hníga niðurlagsákvæði framantilfærðs kafla úr hinum umdeilda, óþinglesna kaupsamningi. Félli félagsveiðin niður, og það gat orðið í náinni framtíð, skyldi hvor jörðin hafa veiðirétt fyrir sínu landi, sem sýnir, að einnig þar er veiðiréttur hvorrar jarðar fyrir landi hennar raunverulega (principielt) viðurkenndur. Um sjálfan veiðiréttinn virðist því ekki geta verið ágreiningur, heldur aðeins veiðiarðsteknaskiptinguna milli jarðanna um ótiltekinn tíma, sem gat orðið langur eða skammur eftir atvikum. Við þessa skiptingu veiðiarðsins var ekkert að athuga, á meðan sami maður hafði umráð beggja jarðanna, og heldur

ekki meðan Nýpukot var ekki selt, en við sölu þeirrar jarðar vaknaði sú spurning, hvort kaupandi þurfi að hlíta því, að hin upprunalega handahófsskipting veiðiarðsins héldist áfram. Kemur þá fyrst til athugunar, að ekki verður með vissu séð, hvort orðin „samkvæmt áðurgerðum kaupsamningi“ í afsalinu fyrir Þorkelshóli vísa aðeins til orðanna „án alls álags“, sem gæti verið lögð sérstök áherzla á, eða einnig til annarra ákvæða hans. Þá kemur til álita, að kaupsamningur er aðeins loforð um sölu, en ekki raunveruleg sala, og loks að hinn gerði kaupsamningur er ekki þinglesinn og því ekki opinbert heimildarskjal. Kaupandi Nýpukots á engan aðgang að því skjali og sér það ekki fyrir en við dómtöku málsins, að það er lagt fram. Og þó að hann veiti móttöku arðskrárgreiðslu þeirri, sem ákveðin er um ótiltekinn tíma, fyrst sem leiguliði og síðan sem eigandi Nýpukots um nokkurra ára bil, og heyrir utan að sér, að þessi arðskrárhloti sé ákveðinn í óþinglesnum kaupsamningi, verður ekki af því dregin sú ályktun, að stefnandi hafi nokkurn tíma samþykkt arðskiptinguna með móttöku veiðiarðsins né heldur að hann hafi þurft að taka tillit til lausafregna um ákvæði í óþinglesnu skjali né að hann geti verið bundinn af slíkum ákvæðum. Meðan ekki hafði farið fram skipting með mati dómkvaddra manna á veiði jarðanna Þorkelshóls og Nýpukots í Víðidalsá, gat enginn vitað með vissu, hvort arðskrárhloti Nýpukots átti að réttu að vera 28% af sameiginlegum veiðiarði jarðanna eða eitthvað annað.

Samkvæmt framansögðu virðist málið liggja þannig fyrir: Jarðirnar Þorkelshóll og Nýpukot eiga báðar veiði fyrir landi sínu í Víðidalsá, og landamerki eru ágreiningslaus. Skipting veiðitekna milli jarðanna til bráðabirgða virðist ekki bindandi fyrir eiganda Nýpukots, þar sem þeirra er að engu getið í afsali hans fyrir jörðinni, og heimildir þær, er stefndi byggir sýknukröfu sína á, verða að teljast vafasamar og eru auk þess óþinglesnar.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir verða að taka kröfu stefnanda í máli þessu til greina, viðurkenna veiðirétt Nýpukots fyrir landi jarðarinnar, er liggur að Víðidalsá, og dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.000.00.

#### Dómsorð:

Eignarréttur eiganda Nýpukots í Þorkelshólshreppi á allri veiði í Víðidalsá fyrir landi jarðarinnar viðurkennist.

Stefndi, Eggert Teitsson bóndi, Þorkelshóli, greiði stefnandanum, Guðmundi Jósefssyni bónda, Nýpukoti, kr. 3.000.00 — þrjú þúsund krónur — í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 2ja vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. maí 1962.

Nr. 28/1962. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson, saksóknari ríkisins)  
gegn

**Sigtryggi Kjartanssyni**

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn áfengislögum.

### Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu er áfrýjað, einungis að því er varðar ákærða Sigtrygg Kjartansson.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð eftir uppsögu héraðsdóms. Kom þá m. a. fyrir dóm eiginkona Karls Vilhjálms Kjartanssonar og skýrði svo frá, að þau hjónin hefðu „umrætt sinn ákveðið að láta kaupa fyrir sig eina flösku af áfengi í Reykjavík, þar sem þau áttu von á gestum“. Ákærði hefði tekið að sér að annast vinkaupin og hún fengið honum til þeirra kr. 200.00. Þá kom Karl Vilhjálmur einnig fyrir dóm af nýju. Eigi reyndist fullt samræmi milli skýrslna þeirra hjóna um aðdraganda að áfengiskaupum þeim, sem þau telja sig hafa áformað.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms eru eigi eftir sönnunarreglum 19. gr. laga nr. 58/1954 skilyrði til að sýkna ákærða. Ber því að staðfesta héraðsdóminn, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákærða verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.